

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þormóður Magnús Guðlaugsson, greiði krónur 3.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 21. júní 1984.

Nr. 79/1984. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Önnu Kristjánsdóttur

(Haraldur Blöndal hrl.)

Bann við hundahaldi. Staðfesting laga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 29. mars 1984. Málinu er áfrýjað að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip málgagna barst Hæstarétti 30. apríl.

Meðal gagna máls þessa fyrir héraðsdómi var bréf forsætisráðuneytisins til dómara málsins, dagsett 14. júlí 1983. Þar segir m.a. svo:

„1. Friðjón Þórðarson dómsmálaráðherra, gegndi störfum forsætisráðherra 13. maí 1982 sem staðgengill Gunnars Thoroddsens.

2. Lög nr. 75 1982 voru endurstaðfest af forseta Íslands í ríkisráði 14. október 1982.“

Lög nr. 75/1982 voru, eins og í héraðsdómi greinir, staðfest 13. maí 1982 með undirritun forseta Alþingis, forseta Hæstaréttar og Friðjóns Þórðarsonar dómsmálaráðherra, sem samkvæmt áðurgreindu bréfi forsætisráðuneytisins gegndi störfum forsætisráðherra. Verður að telja, að lögin hafi þannig verið sett með stjórn-

skipulegum hætti. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en greiðslufrest sektar ber að telja frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, en greiðslufrestur sektar skal vera 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða, Anna Kristjánsdóttir, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. febrúar 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 21. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 82/1984: Ákærvaldið gegn Önnu Kristjánsdóttur, sem tekið var til dóms 2. febrúar sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 24. október sl., gegn ákærðu, Önnu Kristjánsdóttur lektor, Vesturgötu 34, Reykjavík, fæddri þar í borg 14. október 1941, „fyrir að hafa, eftir dómsátt, sem gerð var í sakadómi Reykjavíkur við ákærðu, 5. maí 1983, fyrir hundahald í Reykjavík, haldið hund áfram, án þess að hafa til þess leyfi.

Telst brot hennar varða við 1. gr., sbr. 2. gr. reglugjörðar um hundahald í Reykjavík nr. 61, 1924 og 65. gr., sbr. 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930 með áorðnum breytingum, sbr. 1. og 7. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 34, 1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75, 1982.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt játningu ákærðu og öðrum gögnum málsins:

Miðvikudaginn 29. júní 1983, um kl. 23:00, hittu lögreglumenn ákærðu á Vesturgötu í Reykjavík, skammt vestan Ægisgötu, þar sem hún var með hund í bandi. Hún kvað þetta vera tík, „Colly - íslensk“, sem hétu Tyrra, og kvaðst hafa átt hana í eitt ár.

Ákærða var yfirheyrð af lögreglu 14. september sl. af þessu tilefni, og kvað hún sér þá vera kunnugt, að hundahald er óleyfilegt í borgarlandinu. Hún kvaðst enn halda hundinn, sem þá var tæplega 17 mánaða gamall, en vísaði að öðru leyti til máls vegna fyrri afskipta lögreglu af þessum hundi.

Hinn 12. október sl. hafði lögreglan samband við heimili ákærðu, og var þar staðfest, að ákærða héldi enn hundinn.

Ákærða var yfirheyrð hjá lögreglu 24. mars 1983 vegna kæru, sem lögreglunni hafði borist um hundahald á Vesturgötu 34. Hún kvaðst þá hafa eignast hundinn í maí 1982 og halda hann á heimili sínu. Henni var veittur frestur til þess að taka ákvörðun um, hvort hún léti hundinn frá sér, en með bréfi, dags. 4. apríl 1983, kvaðst hún ætla að halda hundinn áfram á heimili sínu. Hinn 5. maí 1983 sættist ákærða á greiðslu 6.000 króna sektar fyrir hundahald í Reykjavík.

Ákærða kom fyrir dóminn 14. desember sl. og kannaðist þá við að hafa haldið umræddan hund áfram á heimili sínu, eftir að hún gekkst undir dómsáttina 5. maí 1983, án þess að hafa til þess sérstakt leyfi. Af hálfu ákærðu var lagt fram vottorð Helgu Finnsdóttur dýralæknis, dags. 14. desember sl., um, að hundur ákærðu hafi á árinu 1983 fengið lyf við bandormum og spóluormum svo og ófrjósemislyf.

Niðurstöður.

Af hálfu ákærðu er aðallega krafist sýknu á þeim forsendum, að óheimilt sé að sekta hana eða ákæra að nýju, eftir að hún gekkst undir dómsátt 5. maí sl., enda sé hér um svofellt (sic) ástandsbrot að ræða og því sérstaklega mótmælt, að „broti hennar hafi lokið“ með dómsáttinni.

Til vara er þess krafist, að ákærðu verði eigi gerð refsing, þar sem hér sé um smávægilegt brot að ræða og hún tilfinningalega háð hundinum. Hagsmunir ákæruvaldsins af því, að hún þoli dóm, séu mun minni en hennar að halda hundinn. Þá er því haldið fram, að tilteknir menn hafi haldið hund án afskipta lögregluyfirvalda og að ákæruvaldinu sé beitt af handahófi og því beri að fella refsingu niður. Loks er því haldið fram, að allt frumkvæði í máli þessu sé í höndum „kærenda utan úr bæ“, en ekki lögreglu.

Til þrautavara er þess krafist, að ákærðu verði gerð vægasta refsing að lögum, þar sem hér sé um smávægilegt brot að ræða og fyrirhugað sé að endurskoða reglur um hundahald í borginni.

Loks er því mótmælt af hálfu ákærðu, að dæmt verði eftir lögum nr. 75, 1982, þar sem þau hafi ekki verið sett með stjórnskipulegum hætti, þar sem Friðjón Þórðarson hafi undirritað þau lög í nafni forsætisráðherra án nokkurs umboðs, sem birt hafi verið með stjórnskipulegum hætti.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. reglugerðar um hundahald í Reykjavík nr. 61, 1924 og 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930, sbr. 1. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7, 1953, er eðlis síns vegna ástandsbrot. Ákæra í máli þessu tekur einungis til hundahalds ákærðu, eftir að gerð var við hana dómsátt 5. maí sl. Það er álit dómsins, að refsisdómur eða dómsátt vegna ástandsbrots rjúfi ástandið og að virða beri áframhaldandi ástandsbrot sem nýtt brot. Er því ekki unnt að verða við aðalkröfu ákærðu.

Meðal raka ákærðu fyrir varakröfu sinni er það, að allt frumkvæði í máli þessu sé í höndum „kæranda utan úr bæ.“ Svo sem að framan greinir, hafði lögreglan afskipti af ákærðu, er hún var með hund sinn á Vesturgötu skammt vestan Ægisgötu, og verður ekki séð á gögnum málsins, að „kærendur utan úr bæ“ hafi átt þátt í þeim afskiptum.

Að því er varðar þrautavarakröfu ákærðu er þess að gæta, að ekki er kunnugt um, að fyrir liggi breyttar reglur um hundahald í Reykjavík.

Lög nr. 75, 1982 um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 34, 1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga voru staðfest 13. maí 1982 með undirritun forseta sameinaðs Alþingis, forseta Hæstaréttar Íslands og þáverandi dómsmálaráðherra í forföllum forsætisráðherra. Samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar nægir meirihluti handhafa forsetavalds til þess að fara með það vald, sem þeim er fengið með ákvæði þessu, og var staðfesting þeirra á lögum nr. 75, 1982 þegar af þeirri ástæðu stjórnskipulega gild.

Samkvæmt játningu ákærðu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, og öðru því, sem að framan er rakið, þykir vera sannað, að ákærða hafi gerst sek um brot gegn ákvæðum 1. gr. reglugerðar nr. 6, 1924 og 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, sbr. 1. gr. laga nr. 7, 1953, með því að halda hund á heimili sínu eftir 5. maí 1983 án þess að hafa til þess leyfi.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærða ekki sætt kærnum eða refsingum, ef frá er talin margnefnd dómsátt frá 5. maí 1983.

Ákærða hefur nú unnið sér til refsingar samkvæmt 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, sbr. 7. gr. laga nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga nr. 75, 1982, og þykir hún eftir atvikum hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð 6.500 krónur, sem renni í ríkissjóð. Vararefsing ákveðst varðhald í 8 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Haralds Blöndal hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 4.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Anna Kristjánsdóttir, greiði 6.500 krónur í sekt til ríkis-

sjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 daga.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal hrl., 4.000 krónur.

Fimmtudaginn 24. júní 1984.

Nr. 71/1984. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Gísla Alfreðssyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

Bann við hundahaldi. Staðfesting laga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. apríl 1984. Málinu er áfrýjað að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 30. apríl.

Meðal gagna máls þessa fyrir héraðsdómi var bréf forsætisráðuneytisins til dómara málsins, dagsett 14. júlí 1983. Þar segir m.a. svo:

„1. Friðjón Þórðarson dómsmálaráðherra, gegndi störfum forsætisráðherra 13. maí 1982 sem staðgengill Gunnars Thoroddsens.

2. Lög nr. 75/1982 voru endurstaðfest af forseta Íslands í ríkisráði 14. október 1982.“

Lög nr. 75/1982 voru, eins og í héraðsdómi greinir, staðfest 13. maí 1982 með undirritun forseta Alþingis, forseta Hæstaréttar og Friðjóns Þórðarsonar dómsmálaráðherra, sem samkvæmt áðurgreindu bréfi forsætisráðuneytisins gegndi störfum forsætisráðherra. Verður að telja, að lögín hafi þannig verið sett með stjórnskipulegum hætti. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun